

## Líforkuver á Dysnesi, Hörgársveit

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 12. apríl 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Líforkuveri ehf. um að reisa líforkuver á Dysnesi í Hörgársveit. Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á vinnslu dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2 og framleiðslu kjötmjöls og fitu sem eru nýtt til orkuframleiðslu. Málsmeðferð er samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.12 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hörgársveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (brunavarnasvið), Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Líforkuver Dysnesi, Matsskyldufyrirspurn. Líforkuver ehf. - VSÓ Ráðgjöf. Apríl 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hörgársveit dags. 8. og 15. maí 2024
- Brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 14. maí og 4. júní 2024
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 14. og 21. maí 2024
- Matvælastofnun dags. 14. og 15. maí 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 13. og 16. maí 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. og 15. maí 2024
- Umhverfisstofnun dags. 22. maí 2024

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 14. og 31. maí og 18. júní 2024.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd


Markmiðið með uppbyggingu líforkuvers á Dysnesi er að koma á fót innviðum sem nauðsynlegir eru til vinnslu á dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2. Undir þá flokka falla áhættuvefir frá afurðastöðvum og dýrahræ sem falla til á bæjum. Áhættuúrgangur eru dýraafurðir sem ekki eru hæfar til manneldis. Þeim er skipt í þrjú flokka, áhættuflokkur 1 er hæsti áhættuflokkurinn og inniheldur efni sem talið er mikilvægt að halda frá fæðu- og fóðurkeðjunni. Í þennan flokk falla t.d. heilir skrokkar dýra eða skrokkhlutar sem innihalda sérstakan áhættuvef. Í áhættuflokk 2 flokkast heilir skrokkar dýra sem ekki innihalda sérstakan áhættuvef sem og t.d. innihald meltingarvegar. Framleiðsluvörur frá líforkuverum eru seldar sem brennsluefni eða orkugjafi. Ýmis iðnfyrirtæki, t.d. stóriðja og hátæknibrennslur nýta mjöl og fitu á þann hátt.

Þann 14. maí 2024, þegar leið að lokum umsagnarfrests, bárust þær upplýsingar frá framkvæmdaraðila að annar kostur á staðsetningu væri til skoðunar. Fyrst var gert ráð fyrir staðsetningu starfseminnar á lóð nr. 411 sem er á iðnaðarsvæði. En ný staðsetning er á lóð 518 sem er athafnasvæði samkvæmt Deiliskipulagi svæðisins. Um væri að ræða sambærilega lóð á Dysnesi



en þessi lóð lægi nær vegtengingu að iðnaðarsvæðinu á Dysnesi. Nýr kostur væri lagður fram að ósk landeiganda sem taldi heppilegra að hefja uppbyggingu á svæðinu nær aðkomuvegi.

Skipulagsstofnun sendi nýjar upplýsingar til umsagnaraðila og óskaði sérstaklega eftir því að hvort breytt staðsetning breytti einhverju í umsögnum þeirra sem þeir höfðu skilað. Í svörum Hörgársveitar, brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands kom samhljóða fram að breytt staðsetning hefði engin áhrif á áður innsendar umsagnir þeirra.



**Mynd 1. Deiliskipulag hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæðis á Dysnesi. Nýr kostur er afmarkaður með grænum hring efst til vinstri á myndinni fyrri kostur með rauðum hring hægra megin á mynd (mynd fengin úr viðbótum við greinargerð frá Líforku, dags. 14. maí 2024).**

Gert er ráð fyrir að byggingar- og athafnasvæði verði um 6.000 m<sup>2</sup> en lóðin er alls 6.700 m<sup>2</sup>. Ekki liggur fyrir hvar byggingar- og athafnasvæði verða, því þarf að gera ráð fyrir að öll lóðin geti raskast. Forhönnun gerir ráð fyrir húsnæði sem verði allt að 1.100 m<sup>2</sup> að stærð með allt að 5.000 m<sup>2</sup> malbikuðu athafnasvæði utanhúss. Gert er ráð fyrir að unnin verði árlega um 3.000 - 4.000 tonn af dýraleifum en vinnslugeta líforkuversins verður ríflega tvöfalt meiri, allt að 10.000 tonn. Þannig getur vinnslan annað álagstoppum í sláturtíð og ef upp koma áföll í landbúnaði þar sem skera þarf niður fjölda gripa á stuttum tíma. Gert er ráð fyrir vinnslugeta líforkuversins miði við að taka við úrgangi af landinu öllu, þ.m.t. riðusmituðu féi. Heildarorkuþörf er metin um 4200 MWh á ári og er til skoðunar að nota eigin orkuframleiðslu (fitu og mjöl) fyrir t.d. gufukatla en orkuþörf þeirra er stór hluti af heildarþörf. Hámarkstoppafl verður 2,5 MW. Gert er ráð fyrir að hægt sé að nálgast vatn fyrir svæðið frá nokkrum valkostum og fyrsti kostur er Hjalteyraræð en möguleiki er á að tengjast við aðra vatnsveitu sem er til staðar á svæðinu. Umræður um tengingar eru hafnar og vel á veg komnar. Starfsemi getur hafist um leið og búið er að tengja lóð fyrir Líforkuver ehf. við vatnsveitu.



**Flutningar.** Dýraleifar verða fluttar til líforkuversins í lokuðum og lekaheldum gámum, samkvæmt leiðbeiningum Matvælastofnunar. Flutningsaðilar þurfa að hafa leyfi heilbrigðiseftirlits og Matvælastofnunar. Meðhöndlun efnis fer fram innandyra, flutningabílar munu keyra inn í vinnslurými þar sem gámarnir eru losaðir ofan í þar til gerða gryfju og þrif á bílum fer fram innanhúss. Reiknað er með tveimur átta tonna bílum á dag að jafnaði, á virkum dögum.

#### 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Líforkuvers og umsögnum umsagnaraðila.

##### Áhrif á loftgæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að útblástur frá vinnslunni verði leiddur í gegnum hreinsibúnað til að fanga efni sem lykti. Helstu áhrif á loftgæði séu lyktarefni sem fylgi vinnslu á dýraleifum, t.d. ammoníakssambönd. Ráðgert sé að nota bio filter sem samræmist nýjustu BAT kröfum sem eigi að tryggja að lyktarmengun verði óveruleg. Flutningabílar muni losa skrokka innandyra og mun útblástur þeirra fari í gegnum sama hreinsikerfi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að óljóst sé hve mikil lyktarmengun muni fylgja vinnslunni og hve langt áhrifa hennar muni gæta út fyrir framkvæmdarsvæðið. Ekki komi fram nein mælanleg gögn í matskyldufyrirspurn um styrk loftmengunar frá vinnslunni né að hve miklu leyti hreinsibúnaður muni ná að koma í veg fyrir lyktarmengun.

Í svörum Líforkuvers er tekið undir með Umhverfisstofnun um að ekki séu skýrir mælikvarðar fyrir mörk lyktarmengunar en óbeinir mælikvarðar séu losunarmörk fyrir efni sem vitað er að valdi lyktarmengun. Með því að setja losunarmörk fyrir þau í samræmi við BAT megi tryggja að starfsemin uppfylli viðurkenndar kröfur og gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að Umhverfisstofnun muni setja skilyrði og losunarmörk sem viðmið í starfsleyfi og hafa eftirlit með því að starfsemin uppfylli þau á rekstartíma.

##### Áhrif á vatn

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að vatnsnotkun á ári verði um 4.500 m<sup>3</sup>, að teknu tilliti til þess að vatn verði að hluta endurnýtt í ferlunum. Í deiliskipulagi fyrir svæðið sé frátekin lóð fyrir skólpmæðhöndlunarstöð sem muni taka við frárennsli frá fyrirtækjum á svæðinu. Fráveitukerfi verði hannað þannig að það nái að sinna starfseminni á svæðinu. Gert sé ráð fyrir að leggja tvöfalt fráveitukerfi þannig að regnvatn fari í sérstaka lögn út í sjó. Vatn frá framleiðslunni komi frá þurrkun. Þegar kjötmjöl sé þurrkað gufi vatn upp og sé þétt aftur. Vatnið inniheldur einhverjar leifar af lífrænum efnum, einkum köfnunarefni, en engin smitefni verða í vatninu. Frárennsli frá vinnslunni sé fyrst og fremst þéttivatn frá þrýstisæfingu og innihaldi meðal annars köfnunarefnissambönd. Auk þess berist vatn við hreinsun vélbúnaðar og athafnasvæða sem og starfsmannaaðstöðu. Kröfur í BAT skilyrðum verða viðmið í starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út og stofnunin hefur eftirlit með að starfsemin uppfylli skilyrðin á rekstartíma. Þangað til ofangreind skólpmæðhöndlunarstöð verður reist og komin í gangið er gert ráð fyrir að fráveita verði hreinsuð innan lóðar og eru tvær lausnir til skoðunar, annars vegar rotþró og sandfang og hins vegar svokallaður demantur með frárennsli í siturbeð. Þessar lausnir eru þekktar og nýttar við sambærilega starfsemi hérlendis.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að Dysnes tilheyri grunnvatnshlotinu Eyjafjörður nr. 102-277-G. Í vatnavefsjá er ekkert skráð álag á vatnshlotið en vakin er athygli á að ástand þess hefur ekki verið metið þ.e. magnaða og efnafræðilegt ástand. Dysnes liggur einnig við strandsjávarhlotið Eyjafjörður nr. 102-1365-C. Skráð er staðbundið álag frá fráveitu og laxeldi á strandsjávarhlotið en vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins hefur ekki verið metið (sjá vatnavefsjá). Öll grunnvatnshlot eiga að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu,



strandsjávvarhlot eiga að vera í að minnsta kosti góðu líffræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og það eru hin eiginlegu umhverfismarkmið þeirra. Í matsskyldufyrirspurn er gert ráð fyrir að vatnsnotkun verði um 4.500 m<sup>3</sup> /ár, að teknu tilliti til þess að vatn verður að hluta endurnýtt í ferlunum, meta þarf áhrif vatnstöku á magnstöðu grunnvatnshlotsins ásamt samlegðaráhrifum við aðra starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu. Bent er á mikilvægi þess að fyrirtæki hreinsi frárennsli sitt vel og tryggi þar með að hreinsun í hreinsistöð verði ekki fyrir truflunum. Þess utan skorti mat á áhrifum á vatn þ.e. mati á því hvort að starfsemin hafi neikvæð áhrif á þá gæðabætti sem skilgreindir hafi verið fyrir grunnvatn og strandsjó.

Í svörum Líforkuvers kemur fram að vatn verði fengið í vatnsveitu sem muni meta áhrif starfsemi sinnar á vatnshlotið. Líforkuver sé með fyrstu fyrirtækjum sem sækja um lóð á skipulagssvæðinu og ekki liggja fyrir upplýsingar um aðra starfsemi og mat á samlegðaráhrifum vegna vatnsnotkunar því ekki mögulegt, en rekstraraðili vatnsveitu muni hafa yfirsýn yfir heildarvatnsnotkun á svæðinu. Fráveituvatn frá framleiðslunni muni innihalda leifar af lífrænum efnum, einkum köfnunarefnissambönd (N). Það verði leitt í fyrirhugaða skólpmeðhöndlunarstöð fyrir fyrirtækin á svæðinu þegar hún er risin en fram að því verður frárennsli hreinsað á lóð fyrirtækisins. Talið er að rekstur Líforkuversins muni ekki leiða til losunar á lífrænum efnum í þeim styrk að þau geti leitt til aukningar á lífmassa plöntusviðs og botnþörungum og þannig haft neikvæð áhrif vistfræðilegt ástand strandsjávvarhlotsins Eyjafjörður.

### **Heilsa og öryggi**

Í umsögn brunavarnarviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er bent á að meta þurfi áhættu og brunahanna mannvirkni í samræmi við byggingarreglugerð. Hafa beri í huga að fita, sem sé afurð frá líforkuverinu, er eldfimt efni og huga þarf sérstaklega að geymslu, umgengni og því magni sem geymt er á staðnum.

Í svörum Líforkuvers kemur fram að farið verði eftir þessari ábendingu og metin áhætta vegna eldfimrar fitu og hugað vel að geymslu, umgengni og magni fitu sem verður geymd.

### **Meningarminjar**

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að á deiliskipulagssvæðinu séu fornleifar sem fundist hafi sumarið 2017 en höfðu ekki verið skráðar við fornleifaskráningu árið 2016. Þær þurfi að rannsaka frekar. Vegna snjóalaga hafi ekki verið hægt að fara í þá vettvangsvinnu sem nauðsynleg sé til að staðfesta að um fornleifar sé að ræða og mæla upp staðsetningu minjanna. Það verði gert á næstunni. Ef fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan áhrifasvæðis minjanna muni Minjastofnun meta þörfina á mótvægisáðgerðum vegna þeirra, sem þurfi að vinnast áður en sveitarstjórn gefur út byggingarleyfi.

Í svörum Líforkuvers kemur fram að ef staðfest verður að fornleifar séu innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar muni fyrirtækið taka tillit til þeirra og þeirra mótvægisáðgerða sem Minjastofnun fari fram á.

### **Áhrif á náttúruminjar**

Umhverfisstofnun bendir á að Hörgárósar séu skilgreindar sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, svæði 506, og eru þeir í um 1,5 km suður af svæðinu. Þeim sé lýst sem ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri. Á svæðinu séu tjarnir, flæðimýrar og strandgróður og mikið fuglalíf.

Í svörum Líforkuvers kemur fram að starfsemin verði á skilgreindu iðnaðar- eða athafnasvæði skv. aðalskipulagi Hörgársveitar, um 1,5 km norðan við svæði 506 á náttúruminjaskrá. Flutningabílar keyra inn í vinnslurými þar sem öll meðhöndlun efnis fer fram innandyra. Starfsemin sé ekki talin þess eðlis að hún hafi truflandi áhrif á fugla- og dýralíf í nágrenninu.



## 5 Skipulag og leyfi

Í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er skilgreind landnotkun hafnarsvæðis H1 og athafnasvæðis AT2 á Dysnesi. Vinna þarf breytingu á aðalskipulagi þar sem skilgreint verður nýtt iðnaðarsvæði vegna framkvæmdarinnar.

Yfirfara þarf gildandi deiliskipulagi Dysness, hafnarsvæði og athafna- og iðnaðarsvæði vegna áformanna og skoða hvort gera þurfi breytingar á því til samræmis við aðalskipulag.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Hörgársveitar samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Afla þarf leyfis Matvælastofnunnar á grundvelli reglugerðar 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða líforkuver á Dysnesi í Hörgársveit til vinnslu á dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.12 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Jafnframt ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd krefst ekki umfangsmikilla mannvirkja og gert er ráð fyrir að reisa þau á svæði sem er að mestu á túni og akurlendi og því ekki líklegt að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á vistgerðir og gróður. Þá er framkvæmdasvæðið í nokkurri fjarlægð frá Hörgárosum sem eru á náttúruuminjaskrá vegna m.a. mikils fuglalífs og því ólíklegt að fuglar verði fyrir truflun á framkvæmdatíma eða vegna starfsemi.

Áformuð starfsemi er hins vegar allumfangsmikil og gert er ráð fyrir að taka við talsverðu magni af dýraleifum til förgunar og vinnslu. Þessi starfsemi er þess eðlis að henni kunna að fylgja neikvæð áhrif annars vegar vegna lyktarmengunar af völdum efna sem losna við vinnslu og hins vegar vegna mengunarefna í frárennsli. Fyrir liggur að framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að útblásur fari í gegnum hreinsun og síun sem muni samræmast nýjustu BAT kröfum sem eigi að tryggja að lyktarmengun verði óveruleg. Umhverfisstofnun hefur bent á að óljóst sé hve mikil lyktarmengun muni fylgja vinnslunni og hve langt áhrifa hennar muni gæta út fyrir framkvæmdasvæðið og tekur Skipulagsstofnun undir þetta atriði. Í grenndinni eru býli auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á athafna-iðnaðar- og hafnarsvæði í næsta nágrenni. Ljóst er að það getur reynst erfitt að koma við mælingum á styrk loftmengunar frá vinnslunni m.t.t. ólyktar og hversu langt hún muni berast frá starfseminni. Því eru og verða neikvæð áhrif af lyktarmengun óviss en Skipulagsstofnun telur að gera verði ráð fyrir að í starfsleyfi verði sett ákvæði um hreinsibúnað, losunarmörk efna sem kunna



að valda ólykt og um eftirlit eftir því sem unnt er. Skipulagsstofnun telur jafnframt að í starfsleyfi þurfi að koma fram til hvaða aðgerða þurfi að grípa ef kvartanir berast um lykt þrátt fyrir að kröfum um bestu aðgengilegu tækni hafi verið fylgt. Stofnunin telur að ef ströngustu kröfum um bestu aðgengilegu tækni verður framfylgt munu neikvæð áhrif vegna lykta að öllum líkindum verða tímabundin og vara skammt og verða að mati stofnunarinnar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga.

Fyrir liggur að vatn frá vinnslunni inniheldur leifar af lífrænum efnum, einkum köfnunarefni, en engin smitefni verða í vatninu. Framkvæmdaraðili áformar að hreinsa frárennsli innan lóðar á meðan ekki er til staðar skólpmeðhöndlunarstöð sem hreinsa á frárennsli frá fyrirtækjum á svæðinu. Ljóst er að framkvæmdaraðili þarf að sjá til þess að ástand viðkomandi grunnvatnshlots muni ekki versna vegna frárennslis frá starfseminni að því marki að það nái ekki umhverfismarkmiði sínu um að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafi góða magnstöðu skv. vatnalögum og hefur framkvæmdaraðili fjallað um þetta atriði í svörum sínum við umsögn Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun telur að unnt sé að setja ákvæði í starfsleyfi um bestu aðgengilega tækni við hreinsun á frárennsli frá starfseminni og eftirlit.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. júlí 2024.

Reykjavík, 25. júní 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

